

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/139
komudagur 16.11.2009

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2009

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Almenn umsögn

Ég fagna því að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun sex heilbrigðisstétta. Fjórar þeirra, þ.e. sjúkraliðar, lyfjatæknar, lækningaritarar og tanntæknar eru taldar upp í 3. gr. frumvarpsins. Tvær starfstéttir skólans hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir, þ.e. heilbrigðisritarar og heilsunuddarar.

Heilbrigðisritarar taka á móti sjúklingum sem leita til heilsugæslunnar eða sjúkrastofnana og skrá upplýsingar um þá í sjúkraskrár. Ég tel því óeðlilegt að þeir fái ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt. Heilbrigðisritaranámið er 80 eininga nám á framhaldsskólastigi.

Heilsunuddarar meðhöndla sjúklinga, sem m.a. læknar vísa til þeirra. Nám þeirra er 121 eining á framhaldsskólastigi sem er hliðstætt við sjúkraliðanám.

Ég tel einnig mikilvægt að í lok 3. gr. laganna verði gert ráð fyrir að hægt sé að bæta fleiri starfstéttum við listann.

Virðingarfyllt,

Gísli Ragnarsson
skólameistari

P.s. Ég vísa í fyrri umsagnir til Heilbrigðisráðuneytis og Alþingis

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. ágúst 2009

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Almenn umsögn

Ég fagna því að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun sex heilbrigðisstétta. Fjórar þeirra, þ.e. sjúkraliðar, lyfjatæknar, lækningaritarar og tanntæknar eru taldar upp í 3. gr. frumvarpsins. Tvær starfstéttir skólans hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir, þ.e. heilbrigðisritarar og heilsunuddarar.

Heilbrigðisritarar taka á móti sjúklingum sem leita til heilsugæslunnar eða sjúkrastofnana og skrá upplýsingar um þá í sjúkraskrár. Ég tel því óeðlilegt að þeir fái ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt. Heilbrigðisritaranámið er 80 eininga nám á framhaldsskólastigi. Sjá meðfylgjandi námskrá menntamálaráðuneytisins.

Heilsunuddarar meðhöndla sjúklinga, sem m.a. læknar vísa til þeirra. Nám þeirra er 121 eining á framhaldsskólastigi sem er hliðstætt við sjúkraliðanám. Sjá meðfylgjandi námskrá menntamálaráðuneytisins.

Ég tel einnig mikilvægt að í lok 3. gr. laganna verði gert ráð fyrir að hægt sé að bæta fleiri starfstéttum við listann.

Virðingarfyllst,

Gísli Ragnarsson
skólameistari

Fylgiskjöl: Námskrár Menntamálaráðuneytisins

Til Guðrúnar W. Jensdóttur
Heilbrigðisráðuneytinu
Vegmúla 3 150 Reykjavík

Reykjavík, 2. janúar 2009

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Almenn umsögn

Ég tel jákvætt að setja sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Ég tel það mjög jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun ákveðinna heilbrigðisstétta. Sjúkraliðar, lyfjatrækningar, lækningar og tanntækningar koma því fram í upptalningu frumvarpsins á því hvað teljast löggiltar heilbrigðisstéttir. Tvær starfstéttir Heilbrigðisskólans hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir. Það eru heilbrigðisritarar og heilsunuddarar. Aðalstarf heilbrigðisritara er að skrá upplýsingar um sjúklinga í sjúkraskrár og því er að mínu mati óeðlilegt að þeir fái ekki löggildingu sem heilbrigðisstétt. Sama á við um heilsunuddara sem meðhöndla sjúklinga, sem t.d. lækningar vísa til þeirra. Ég læt fylgja hér með námskrár Menntamálaráðuneytisins um þessar tvær heilbrigðisbrautir.

Ég tel líka mikilvægt að í lok þessarar greinar sé gert ráð fyrir möguleika á að bæta fleiri starfstéttum við listann.

Virðingarfyllt,

Gísli Ragnarsson
skólameistari